

**Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar**

um uppeldisheimili.

Flm.: Kartín Thoroddsen. Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður E. Hlíðar. Helgi Jónasson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun athugunarstöðva fyrir börn, sem eru andlega miður sín, og uppeldisheimila fyrir pílta og stúlkur, sem eru á glapstígum siðferðislega, sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 29 9. apríl 1947.

**Greinargerð.**

Í lögum þeim um vernd barna og ungmenna, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er kveðið svo á, að stofnunum þeim, sem um ræðir í þessari þáttill., skuli komið á fót, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Augljóst er, að þar sem hér er um nýmæli að ræða, er þörf allmikils undirbúnings, áður en hægt er að hefja framkvæmdir, og miðar till. þessi að því, að slíkur undirbúningur verði hafinn nú þegar.

Sams konar till. var flutt í lok síðasta þings, en hlaut þá eigi afgreiðslu sökum anna þingsins. Með greinargerð fyrir þeirri till. var prentað sem fylgiskjal bréf frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, dags. 19. maí 1947, til heilbrigðis- og félagsmálanefndar varðandi þetta mál. Er það endurprentað hér á eftir.

### Fylgiskjal.

#### BARNAVERNDARNEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 19. maí 1947.

Í frumvarpi því til laga um vernd barna og ungmenna, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur, var gert ráð fyrir því, að ríkisstjórninni væri skylt að stofna og láta reka hæli fyrir börn og unglinga, sem eru á glapstigum.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á þetta atriði, því að það er stór þáttur af starfi nefndarinnar að fjalla um mál afbrota- og vandræðabarna.

Það er bæði gömul og ný saga, að alltaf eru nokkrir unglingar hér í bæ, og víðar, sem fátt aðhafast annað en það, sem bæði er þeim og öðrum til óþurftar. Stundum er hægt að bjarga þessum unglungum með því að koma þeim á góð sveitaheimili. En oft fer svo, að heimilin eru ekki vandanum vaxin, og svo hitt, að þau geta ekki haldið börnunum vegna ofríkis foreldranna, sem sækja börnin með valdi, eða þá að unglingarnir strjúka.

Afleiðingin verður því sú oftsinnis, að ekki tekst að ná börnunum úr götusolli og slæmum félagsskap, og fá þau þá að halda áfram vandræðaferli sínum.

Þessu til sönnunar má nefna allt of mörg dæmi. Þess má þó geta, að nú hefur nefndin til meðferðar mál nokkurra drengja, sem allir þyrftu að fara burtu. Einn þessara drengja hefur t. d. framið 9 lögregluafbrot, verið þrisvar sendur úr bænum, en alltaf komið heim aftur og tekið til fyrri iðju. Mörg dæmi eru þessu lík.

Ef til væru hæli fyrir drengi og stúlkur, þyrftu barnaverndarnefndir ekki að standa ráðþrota við að bjarga unglungum, sem hafa orðið svo ógæfusamir, að lenda út á afbrotabrautina, oft vegna áhrifa frá öðrum, sem ekki var hægt að bjarga vegna skorts á hælum.

Í hinum nýju barnaverndarlögum er ríkisstjórninni ekki gert að skyldu að reisa umrædd hæli, fyrr en til þess hefur verið veitt fé í fjárlögum, en það hefur enn ekki verið gert.

Barnaverndarnefnd telur, að við svo búið megi eigi lengur standa, að ekki séu til þær stofnanir, sem um hefur verið rætt hér að framan, og leyfir sér hér með að skora á heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis að taka mál þetta til athugunar og fyrirgreiðslu á þann veg, sem hún telur vænlegastan til árangurs.

F. h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Jónas B. Jónsson  
formaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.